

Rekstur og meðferð málsins í hjerði, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu Bjarni Þorsteinsson og Jón Hannesson eiga að vera sýknir af ákærum sóknarans í máli þessu, þó ber þeim að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum á að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 23. aprílmán.

Nr. 7/1877:

Rjettvísinn

gegn

Guðmundi Bjarnasyni.

Dómur:

Með eigin játningu hins ákærða Guðmundar Bjarnasonar, vinnumanns í Hákotu í Njarðvík, og öðrum upplýstum atvikum, er það löglega sannað, að hann vorði 1876 hafði skrifað ávísunarseðil undir nafni þá verandi húsbónda síns, Ólafs Ingimundarsonar í Bygggarði, án vitundar hans og vilja; en í ávísunarseðli þessum er verzlunarstjóri Jón Pálsson beðinn að hjálpa Ólafi um 2 krónur handa ákærða og færa Ólafi þær til reiknings. Ákærði fór síðan með seðilinn til nefnds verzlunarstjóra, og fjekk út á hann 2 kr. virði, sem Ólafur neitaði að borga, af því seðillinn væri falsaður. Sömuleiðis hefur hinn ákærði játað, að hann hafi tekið dálítið af haustull frá Ólafi húsbónda sínum, í því skyni að stela henni, en Ólafur hafi tekið hana af sjer aptur. Fyrir þessi afbrot er hinn ákærði dæmdur fyrir aukarjetti Gull-

bringu- og Kjósarsýslu 16. desembermán. f. á í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, til að endurgjalda hlutaverzluninni í Reykjavík eða forstöðumanni hennar 2 kr. og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessi afbrot hins ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna og ekki hefur áður verið dæmdur eða ákærður fyrir neitt lagabrot, hefur undirdómarinn rjettilega heimfært undir 270. og 230. gr. hegningarlaganna, en eptir málavöxtum virðist mega færa hegninguna niður í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með þessari breytingu ber því að staðfesta undirrjettardóminn, einnig að því er snertir fyrimæli hans um endurgjald og málskostnað. Svo ber ákærða og að borga allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors.

Með þeirri athugasemd, að hinn falsaði ávísunar-seðill virðist hefði átt að fylgja undirrjettargjörðunum in originali, og að átt hefði að yfirheyra Ólaf Ingimundarson fyrir rjetti, bæði um seðilinn og ullartökuna, vottast, að meðferð málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins á óraskaður að standa, þó svo, að hegningartíminn sje að eins 4×5 dagar. Ákærða Guðmundi Bjarnasyni ber að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens, 10 krónur til hvors.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna

frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. maímán.

Nr. 14/1877:

Rjettvísín
gegn

Margrjetu Guðmundsdóttur.

Dómur.

Með dómi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 23. janúar þ. á. er Margrjet Guðmundsdóttir, ógípt stúlka á Skógtjörn á Álptanesi, sem er ákærð fyrir að hafa fætt barn í dulsmáli og fyrirfarið því eptir fæðinguna, dæmd sýkn af ákærum rjettvísinnar, og ákveðið, að allur málskostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hinnar ákærðu, Páls málaflutningsmanns Melsteðs, 10 kr., borgist úr opinberum sjóði, en þeim dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hún nóttina milli 10. og 11. september f. á. hafi lædzt upp úr rúmi sínu, eptir að fólkið á bænum, sem allt svaf á sama baðstofuloptinu og hún, var sofnað, og án þess að það yrði vart við för hennar, farið út í eldhúsið á bænum og alið þar barn í dul. Fylgjuna skildi hún eptir á eldhúsgólfinu, en ljet barnið, sem eptir skýrslu hjeraðslæknisins hafði fædzt með lífi og fullburða, og með hæfilegleikum til að lifa eptir fæðinguna, út í bæjarforina, þar sem það fannst daginn eptir örent.

Hin ákærða er fædd árið 1849 og fermd árið 1871 með biskups leyfi; síðan hún var á 13. ári, hefur hún verið á Skógtjörn sem ómagi með fullri meðgjöf, með því að henni ekki hefur orðið kennd nein vinna, og það verður að þjóna henni sem barni. Sóknarprestur